



Nýsköpun 1 – NÝS2A02

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Reynir Már Ásgeirsson

Netfang/netföng:

reynir.asgeirsson@borgo.is

Lýsing:

Fjallað er um grunnatriði nýsköpunar og fyrstu skrefin í nýsköpunarferlinu með áherslu á jafnrétti, sjálfbæra þróun og öflugt atvinnulíf. Nemendur fá þjálfun í skipulögðum og skapandi vinnubrögðum við leit að hugmyndum, vali þeirra, þróun og úrvinnslu. Einnig munu nemendur afla sér upplýsinga um nýsköpun í atvinnulífinu og opinberum rekstri hér á landi og læra hvert frumkvöðlar geta leitað til að fá aðstoð og ráðgjöf.

Þekking, leikni, hæfni:**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- nýsköpun og mikilvægi hennar fyrir jafnrétti, sjálfbæra þróun og öflugt atvinnulíf.
- samfélagslegu mikilvægi nýsköpunar og frumkvöðla.
- mikilvægi samvinnu og skipulagningar í nýsköpun.
- siðferðilegum spurningum og hugverkaréttindum í tengslum við nýsköpun og frumkvöðlastarf.
- tengslum nýsköpunar og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hugsa á skapandi og lausnamiðaðan hátt.
- leita kerfisbundið að hugmyndum, velja úr þeim, þróa og fullvinna.
- afla upplýsinga um stuðningsumhverfi nýsköpunar og frumkvöðla.
- kynna hugmyndir sínar fyrir öðrum á sannfærandi hátt.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- virkja sköpunarkraft sinn og frumkvæði með jafnrétti, sjálfbæra þróun og öflugt atvinnulíf að leiðarljósi sem er metið með hóp- og einstaklingsverkefnum og þátttöku í umræðum.
- leita, velja og vinna úr hugmyndum á samfélagslega ábyrgan hátt með hliðsjón af áherslum í nýsköpun á Íslandi sem er metið með skriflegum verkefnum og kynningu í tíma.
- skipuleggja og halda utan um vinnu sína á markvissan hátt sem er metið með skissubók og skriflegum verkefnum í verkefnamöppu.
- afla sér, vinna úr og miðla upplýsingum um stuðningskerfi nýsköpunar á fjölbreyttan og gagnrýninn hátt sem er metið með skriflegum verkefnum í verkefnamöppu.



Námsmat:

Verkefnabók	50%
Vöruhraðall (grænkera snyrtivörur).....	50%

Nemendur leysa mörg smærri verkefni í verkefnabók sem telur 50% af lokamati áfangans. Nemendur vinna einnig saman í hóp að lausn fjölþætts verkefnis (grænkera snyrtivörur); sem er að sama skapi lokaverkefni áfangans og gildir 50% af námsmati.

Námsgögn:

NÝSKÖPUN OG FRUMKVÖÐLAFRÆÐI 1 – Kennslu- og verkefnabók. Óttar Ólafsson. Útg MerM. Upplýsingar og ítarefni er á INNU undir „efni“.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Gerð er krafa um að óútskýrðar fjarvistir fari ekki upp fyrir 10% af heildarmætingu í samræmi við skólasóknarreglur. Námsáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Velkomin: Kynning á áfanganum	
2	9.-13. janúar	Hvað er nýsköpun?	Verkefni 1 og 2
3	16.-20. janúar	Mikilvægi nýsköpunar	Verkefni 3 og 4
4	23.-27. janúar	Vöru- og þjónustunýsköpun	Verkefni 5, 6 og 7
5	30. jan- 3. febrúar	Kynningar- og markaðsnýsköpun og samfélagsleg nýsköpun	Verkefni 8 og 9 Fyrri skil á verkefnabók (25%)
6	6.-10. febrúar	Upplifunarnýsköpun	Verkefni 10 og 11 Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Nýsköpunarferlið	Verkefni 12 Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Þarfapýramíðinn og framtíðarspár	Verkefni 13 og 14
9	28. febrúar- 3. mars	Vorannarhlé (lesa bls. 37 til 40 um sjálfbæra framtíð)	Vorannarhlé
10	6.-10. mars	Sjálfbær framtíð	Verkefni 15
11	13.-17. mars	Hugverkavernd og neytendaréttur	Verkefni 16 og 17 Seinni skil á verkefnabók (25%)
12	20.-24. mars	Vöruhraðall: Grænkera snyrtivörur (bls. 52) — hugmyndavinna.	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Vöruhraðall: Vinna að frumgerð valinnar hugmyndar.	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Annar páskadagur (Vöruhraðall)	
16	17.-21. apríl	Vöruhraðall: Útbúa vörumerki og finna til umbúðir sem henta.	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Vöruhraðall: Útbúa kynningarmyndband og glæru kynningu.	
18	1.-5. maí	Dagur verkalýðsins (Vöruhraðall)	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Staðbundin kynning á grænkera snyrtivöru (Vöruhraðall)	Vöruhraðall (50%)
20	15.-16. maí	Lok annar; gengið frá lausum endum	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.